

**3369. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
14. mars 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. **1806229 - Starfshópur um uppbyggingu á Dalbraut 4 - þjónustumiðstöð**
Lokaskýrsla starfshóps um uppbyggingu á Dalbraut 4.

Guðjón Viðar Guðjónsson formaður starfshópsins tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar starfshópnum fyrir lokaskýrsluna og þá miklu vinnu sem að baki henni liggr.

Bæjarráð víesar skýrslunni til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs og velferðar- og mannréttindarráðs sbr. erindisbréf starfshópsins frá 12. júlí 2018.

2. **1811188 - Tryggingar Akraneskaupstaðar - útboð**

Útboðslýsing vegna trygginga Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð samþykkir fyrilliggjandi útboðsgögn.

3. **1902231 - Vinnuskólinn 2019 - laun unglings 14 - 16 ára**

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti tillögu um 12,5% hækkan launataxta milli ára fyrir laun unglings 14-16 ára. Vakin er athygli á því að hækkunin felur ekki í sér aukin útgjöld og rúmast því innan fjárhagsáætlun ársins.

Bæjarráð samþykkir tillöguna sem ber með sér að Akraneskaupstaður er þá áfram með sambærileg launakjör og samanburðarsveitarfélög en bæjarráð leggur áherslu á að fjárhagsáætlun Vinnuskólangs standist líkt og verið hefur undanfarin ár undir styrkri stjórn Einars Skúlasonar rekstrarstjóra Vinnuskólangs.

4. **1903128 - Mat á fjárfestingagetu Akraneskaupstaðar**

Mat á fjárfestingagetu Akraneskaupstaðar til næstu ára.

Þorgeir Jónsson fjármálastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Lagt fram.

5. **1903045 - Afskriftir vegna ársins 2018**

Tillaga um afskriftir vegna ársins 2018. Um er að ræða kröfur sem talið er að muni ekki greiðast vegna ársins 2018.

Bæjarráð samþykkir tillögu um afskriftir að fjárhæð kr. 3.000.140 vegna ársins 2018.

6. 1612106 - Guðlaug, heit laug - starfsleyfi o.fl.

Rekstur Guðlaugar.

Ágústa Andréasdóttir forstöðumaður íþróttamannvirkja, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri og Valgerður Janusdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar Sædísí Alexíu, Ágústu Rósu og Valgerði fyrir greinargóða og vandaða kynningu og samantekt.

Bæjarráð samþykkir hækjun á fjárhagsáætlun Guðlaugar (06570) samtals að fjárhæð 6,8 mkr. Viðbótarkosthaði verður mætt með lækkun á áætluðum rekstrarafgangi samstæðu Akraneskaupstaðar, sem samkvæmt fjárhagsáætlun er áætlaður alls um 416 milljónir króna.

7. 1903141 - Fæði starfsmanna Akraneskaupstaðar (matarmiðar)

Tillaga um hækjun á verögildi matarmiða fyrir starfsmenn Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð samþykkir, með vísan til ákvæða kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaga, að verögildi matarmiða fyrir starfsmenn Akraneskaupstaðar verði kr. 1.600 sem taki gildi frá 1. mars 2019.

Bæjarráð vísar ákvörðuninni til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

8. 1902245 - Sjálfvirk rafstuðtæki - hjartastuðtæki

Tillaga bæjarstjóra um kaup á hjartastuðtæki.

Bæjarráð samþykkir kaup á hjartastuðtæki, geymsluskáp fyrir tækið ásamt endurlífgunarsætti að fjárhæð kr. 300.000.

Fjárhæðinni verður ráðstafað af liðnum 20830-4660.

9. 1903144 - Viðhaldsframkvæmdir 2019

Framgangur og staða framkvæmda við viðhald og kostnað við verkefnið.

Ella María Gunnarsdóttir forstöðumaður menningar- og safnamála og Alfreð Alfreðsson umsjónarmaður fasteigna Akraneskaupstaðar taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Lagt fram.

Bæjarráð vísar málínun til skipulags- og umhverfisráðs.

10. 1903077 - Baugalundur 8 - umsókn um byggingarlóð

Umsókn Sigurðar Axels Axelssonar um byggingarlóð við Baugalund 8.

Umsóknargjald hefur verið greitt og því er umsóknin tæk til afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir úthlutun byggingarlóðarinnar Baugalundur 8 til umsækjanda.

SE6
ELA.

11. 1811069 - Þróunarsjóður skóla- og frístundasviðs- vor 2019

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 5. mars 2019 var farið yfir umsóknir og lagt til úthlutun í þróunarsjóð skóla- og frístundssviðs.

Tillaga að úthlutun er vísað til samþykkta í bæjarráði.

Valgerður Janusdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

VLJ víkur af fundi undir þessum lið.

Bæjarráð samþykkir tillögu skóla- og frístundasviðs um úthlutun, samtals að fjárhæð 2,5 mkr.

12. 1901155 - Sýslumaðurinn á Vesturlandi - starfsemi á Akranesi

Svarbréf Dómsmálaráðuneytisins frá 11. mars 2019.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna áfram með málið.

13. 1903051 - SSV - aðalfundur 2019

Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi verður haldinn miðvikudaginn 3. apríl næstkomandi á Hótel Hamri. Sama daga verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands. Hjálögð er dagskrá fundarins.

Bæjarráð samþykkir að bæjarfulltrúarnir Elsa Lára Arnardóttir, Ragnar B. Sæmundsson, Bára Daðadóttir, Rakel Óskarsdóttir og Ólafur Adolfsson auk bæjarstjóra verði fulltrúar Akraneskaupstaðar á fundinum.

14. 1903120 - Faxaflóahafnir sf. - aðalfundur 2019

Ársreikningur Faxaflóahafna 2018.

Lagt fram.

15. 1807053 - Samgöngumál og skil á Hvalfjarðargöngum (öryggismál)

Umsögn Vegagerðarinnar vegna ályktunar bæjarstjórnar Akraness um öryggismál í Hvalfjarðargöngum.

Lagt fram.

Bæjarráð þakkar ítarlegt og gott svar og felur bæjarstjóra að vinna málið áfram.

Næsti fundur bæjarráðs verður miðvikudaginn 27. mars kl. 16:00 vegna málþings Sambands íslenskra sveitarfélaga um loftlagsmál sem halddið verður 28. mars á Grand Hótel í Reykjavík og bæjarráðsfulltrúar vilja eiga kost á að sækja.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:50.

Elsa Lára Arnardóttir

Rakel Óskarsdóttir

Valgerður Janusdóttir

Freyr Traðar

Ólafur Adolfsson